03.02.2026

Undirritaðar leggja fram svohljóðandi tillögu:

Bæjarráð samþykkir að fela innri endurskoðun að gera heildstæða úttekt á undirbúningi og framkvæmdum við Barnaskóla Kársness.

Í úttektinni verði meðal annars:

- Greint hvað fór úrskeiðis við frumhönnun og útboðslýsingu verkefnisins M.a. leiddi það til ágreinings við Mannvit, sem hafði það hlutverk. Sá hluti verkefnisins fór tugi milljóna króna fram úr áætlunum.
- Metið hvernig verkefnastjórnun, kostnaðareftirliti og áhættustýringu var sinnt og hvenær fyrstu vísbendingar um veruleg frávik komu fram.
- Uppgjör á einstökum útboðum framkvæmdarinnar, þ.e niðurrifi, jarðvinnu, framkvæmdakostnaði hönnun, byggingareftirliti ofl.
- Sundurliðun á lögfræðikostnaði sem fallið hefur til frá upphafi verksins.
- Greint hvort og þá hvaða úrræða hefðu verið tiltæk verkkaupa fyrr í ferlinu.
- Gerð grein fyrir þeim kostnaði sem fallið hefur á verkið eftir riftun samnings við aðalverktaka framkvæmdarinnar.
- Metið hvort gætt var ákvæða laga um opinber innkaup, innkaupastefnu Kópavogsbæjar og gildandi innkaupareglna þegar samningar voru gerðir við nýja verktaka í kjölfar riftunar.
- Lagt mat á hvort upplýsingagjöf til bæjarráðs og þátttaka þess í ákvörðunum hafi verið fullnægjandi og tímanleg.
- Samantekt á lærdómi af framkvæmdinni og tillögur að úrbótum á verklagi við framkvæmdir bæjarins og undirbúning þeirra.

Bergljót Kristinsdóttir
Helga Jónasdóttir
Sigurbjörg Erla Egilsdóttir
Theódóra S. Þorsteinsdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026